

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasund 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2022
UST202211-103/H.G.
08.30.02

Umsögn um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi – Heiðarás ehf.

Vísað er til erindis umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins til Umhverfisstofnunar, dags. 10. nóvember sl., þar sem óskað var eftir umsögn Umhverfisstofnunar um beiðni frá Heiðarás ehf., dags. 6. nóvember sl., um undanþágu skv. 2. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 650/2016 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

Í 16. gr. reglugerðar nr. 650/2016 segir að óheimilt sé að hefja nýjan atvinnurekstur á verndarsvæðinu sem er starfsleyfisskyldur skv. reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun. Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit (sem kemur í stað reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun) kemur fram að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka, skuli hafa gilt starfsleyfi. Efnistaka er starfsleyfisskyld skv. IV. viðauka laga nr. 7/1998 og X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Í beiðni umsækjanda kemur fram að ástæða umsóknar um undanþágu sé sú að lítið er um malarnámur á svæðinu og jarðlögin raunar þannig að óvída er auðvelt að komast í góða mól sem hefur orðið m.a. til þess að efni er flutt um langan veg inn á svæðið úr námum ofan af Hellisheiði og neðan úr Ingólfsfjalli. Að mati umsækjanda er því ljóst að það er mun umhverfisvænna ef hægt er að taka sambærileg efni úr jörð á svæðinu og stórminnka allan þennan flutning með tilheyrandi mengun og álagi á vegi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að eftirfarandi þáttum við afgreiðslu umsóknarinnar.

Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 - 2027

Í erindinu kemur fram að á árunum 2004 til 2006 voru teknir um 4.700 m³ af efni úr námunni til uppbyggingar vega við frístundasvæði Skálabrekku.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að staðsetning á fyrirhugaðri námu virðist ekki vera í samræmi við skipulagsuppdrátt gildandi aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015 - 2027. Auk þess er óljóst hvort vísað sé í fyrirhugaða námu í greinargerð skipulagsáætlunarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem athafnasvæðið er innan verndarsvæðis Þingvallavatns sé mikilvægt að svæðið sé formfast í skipulagsáætlun sveitarfélagsins.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að efnistakan er tilkynningarskyld framkvæmd skv. 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem um er

að ræða framkvæmd sem er að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka en er fyrirhuguð á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Með tilliti til verndarákvæða um verndun er mikilvægt að mati stofnunarinnar að framkvæmdin fái þá málsmeðferð í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Námur

Umhverfisstofnun bendir á að rétt er að fáar námur eru á svæðinu en næstu námur eru í Öxará og Svartagili og í raun er hvorug þeirra náma fýsilegur kostur til framtíðar að mati stofnunarinnar. Varðandi efnistöku innan vatnsverndarsvæðis er ekki mikil hættu á mengun vegna olíuleka þar sem ekki verður viðvera tækja í námunni. Í fljótu bragði virðist vera meiri áhætta vegna mengunar ef olía fer að leka af tækjum sem notuð eru nær Þingvallavatni. Því ætti að leggja áherslu á skoðun tækja sem notuð eru nærri vatninu og að gerð sé viðbragðsáætlun ef olía fer að leka af tækjum.

Umhverfisstofnun hefur lengi bent á að fara eigi varlega í uppbyggingu nærri Þingvallavatni sem gæti rýrt vatnsgæði því í framtíðinni er ekki ólíklegt að neysluvatn höfuðborgarsvæðisins muni koma frá vatnasviði Þingvallavatns.

Umhverfisstofnun telur að umrædd efnistaka muni í sjálfu sér ekki vera líkleg til að hafa neikvæð áhrif á verndarsvæðið. Efnið verður nýtt við mannvirkjagerð sem þegar hefur verið skipulögð við Þingvallavatn. Umhverfisstofnun vill benda á að fara ætti varlega þegar byggð er aukin við Þingvallavatn með vatnsvernd til lengri framtíðar í huga.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur